

Ár 1983, miðvikudaginn 2. mars, var í málinu nr. 7/1982 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi


ú r s k u r ð u r :


Með bréfi, dags. 28. maí 1982, óskaði borgarstjórinn í Reykjavík eftir því við nefndina, að hún úrskurðaði um skyldu Kristniboðshússins Betaníu til að svara fasteignagjöldum af fasteigninni nr. 13 við Laufásveg hér í borg. Kemur fram af endurriti af umsögn borgarlögmans, að erindi um niðurfellingu fasteignagjalds hafði borist borgarstjórn. Sé í erindinu tekið fram, að húsið sé notað sem félagsheimili og samkomustaður fyrir sunnudagaskóla og lánað kristilegum samtökum án endurgjalds. Sé húsið í eigu Kristniboðfélaga kvenna og karla í Reykjavík. Borgarráð synjaði erindi þessu.

Nefndin hefur ítrekað leitað eftir nánari upplýsingum um nýtingu ofangreindrar húseignar og þau félagasamtök, sem eiga eða nota eignina, en án árangurs. Af þeim gögnum, sem fyrir liggja, verður ekki ráðið, að umrædd fasteign sé undanþegin fasteignaskatti.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Skylt er að svara fasteignaskatti af fasteigninni nr. 13 við Laufásveg í Reykjavík.

  
Gaukur Jörundsson

  
Guðmundur Magnússon

  
Pétur Stefánsson